

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

172. fundur Skipulags- og umhverfisráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn **12. janúar 2010 kl. 11:30** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

Dagskrá :

1. Erindi frá sveitarstjóra.

Afgreiðslur:

1a. Sveitarstjóri f.h. Byggðarráðs Húnaþings vestra vísar erindi eiganda Geitafells lnr.144466 á Vatnsnesi til umfjöllunar ráðsins. Í erindinu er óskað eftir að aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014 verði breytt úr landbúnaðarnotum í verslunar- og þjónustusvæði, jafnframt er óskað eftir samþykki á deiliskipulagi fyrir lóð undir veitinga- og gístaðstöðu á tilteknum hluta jarðarinnar sbr. uppdrátt frá KRark kt. 581298-3589, Kristinn Ragnarsson arkitekt ehf. dags. 15.11.2009. Skipulags- og umhverfisráð mælir með að aðalskipulagsbreytingin verði auglýst og kynnt sbr. 21.gr. í Skipulags- og byggingarlögum.

1b. Skipulags- og umhverfisráð mælir með að tillaga að deiliskipulagi í landi Geitafells lnr. 144466 á Vatnsnesi dags. 08.12.2009 ásamt skýringaruppdætti dags. 22.12.2009, verði auglýst og kynnt samhliða tillögu að breyttu Aðalskipulagi.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl: 12:50.

Guðmundur St. Sigurðsson(sign).

Jóhannes Erlendsson(sign).

Erla Björg Kristinsdóttir(sign).

Víglundur Gunnþórsson(sign).

Halldór Sigfússon(sign.).

Ólafur H. Stefánsson forstöðumaður tæknideildar(sign).

Benjamín Kristinsson byggingafulltrúi(sign).